

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1993

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar voru suðlægar áttir tíðar, þó nokkuð bæri á norðanátt. Hámarkshiti mældist 7.4 stig þann 31. janúar. Lágmarkshiti var -18.3 stig, 24. og 25. janúar. Meðalhiti í janúar var -6.1 stig. Meðalsnjódýpt var 96 cm. mest 125 cm. 17. janúar. Úrkomumagn í janúar var 106.2 mm. Meðalvindhraði 5.7 hnútar.

Í febrúar var sunnan og suðvestanátt algengust. Hámarkshiti mældist 8.1 stig þann 7. febrúar. Lágmarkshiti mældist -12.7 stig, þann 27. febrúar. Meðalhiti var -0.8 stig í febrúar. Meðalsnjódýpt í febrúar var 57 cm. mest 75 cm. 1. og 2. febrúar. Úrkomumagn í febrúar var 35.9 mm. Meðalvindhraði var 6.7 hnútar.

Í mars voru breytilegar áttir, þó meira bæri á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 9.6 stig þann 1. mars. Lágmarkshiti mældist -11.6 stig þann 19. mars. Meðalhiti var -0.3 stig í mars. Meðalsnjódýpt í mars var 18 cm. mest 32 cm. 1. mars. Úrkomumagn í mars var 41.5 mm. Meðalvindhraði var 6.1 hnútar. Skógarþrestir komu 31. mars.

Í apríl bar mest á sunnan og suðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 10.6 stig þann 28. apríl. Lágmarkshiti mældist -7.8 stig þann 24. apríl. Meðalhiti í apríl var 1.8 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 5 cm. mest 8 cm. 17., 21. og 22. apríl. Úrkomumagn í apríl var 27.1 mm. Meðalvindhraði var 5.8 hnútar í apríl. Svanir sáu 1. apríl. Lóan kom 14. apríl. Hrossagaukur kom 21. apríl og Maríuerlan kom 30. apríl.

Í maí voru breytilegar áttir, þó mest bæri á suð- og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 17.9 stig þann 26. maí. Lágmarkshiti mældist -4.9 stig þann 3. maí. Meðalhiti í maí var 4.5 stig. Snjór mældist 24 daga í maí, mest 25 cm. þann 17. maí. Úrkomumagn í maí var 65.7 mm. Meðalvindhraði var 6.2 hnútar í maí. Spóinn kom 10. maí. Brum á lerki fór að þrútna 7. maí og komið með græna slikju 14. maí og orðið grænt 26. maí. Brum á birki komið með grænan lit 13. maí og farið að grænka 23. maí. Tún byrjuð að grænka 9. maí.

Í júní voru mjög breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 17.0 stig þann 12. júní. Lágmarkshiti mældist -2.4 stig þann 2. júní. Meðalhiti í júní var 7.5 stig. Úrkomumagn í júní var 73.6 mm. Meðalvindhraði var 4.6 hnútar í júní. Lerki algrænt 3. júní. Birki allaufgað 15. júní. Tún algræn 4. júní. Úthagi farinn að grænka 10. júní og orðinn algrænn 18. júní.

Í júlí voru norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 15.6 stig þann 22. júlí. Lágmarkshiti var 2.0 stig þann 14. júlí. Meðalhiti í júlí var 7.0 stig. Úrkomumagn í júlí var 39.8 mm. Meðalvindhraði var 5.0 hnútar. Það gránaði í fjöll 2., 4. og 10. júlí. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 18. júlí.

Í ágúst voru breytilegar áttir, þó mest bæri á norðanáttum. Hámarkshiti mældist 19.1 stig þann 23. ágúst. Lágmarkshiti var 0.3 stig þann 12. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 8.5 stig. Úrkomumagn í ágúst var 44.6 mm. Meðalvindhraði var 5.2 hnútar í ágúst. Gránaði í fjöll 14. ágúst. Birki farið að gulna 23. ágúst. Jarðskjálfti fannst 28. ágúst kl. 19.59.

Í september voru breytilegar áttir, en þó algengastar sunnan og austlægar áttir. Hámarkshiti mældist 17.3 stig þann 3. september. Lágmarkshiti var -1.7 stig þann 18. september. Meðalhiti í september var 7.5 stig. Úrkomumagn í september var 14.9 mm. Meðalvindhraði 4.1 hnútar. Lauffall byrjað á birki 13. september og orðið laufflaust þann 30. september.

Í október voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 13.6 stig þann 22. október. Lágmarkshiti var -10.0 stig þann 16. október. Meðalhiti í október var 2.3 stig. Úrkomumagn í október var 11.1 mm. Meðalvindhraði í október var 5.5 hnútar.

Í nóvember voru sunnan og suðaustanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 12.0 stig þann 1. nóvember. Lágmarkshiti var -6.1 stig þann 23. nóvember. Meðalhiti í nóvember var 3.2 stig. Úrkomumagn í nóvember var 10.8 mm. Meðalvindhraði í nóvember voru 7.2 hnútar. Mikið moldrok var 28. nóvember. Snjór mældist 2 daga í nóvember 1 cm. þann 19. og 22. nóvember.

Í desember voru breytilegar áttir. Hámarkshiti mældist 5.0 stig þann 29. desember. Lágmarkshiti var -15.3 stig þann 11. desember. Meðalhiti í desember var -4.7 stig. Snjór mældist í 30 daga í desember mest 62 cm. þann 23. desember. Úrkomumagn í desember var 134.5 mm. Meðalvindhraði í desember voru 4.3 hnútar.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1993

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-6.1	(1.27)	106.2	(59.5)
Febrúar	-0.8	(-2.68)	35.9	(56.6)
Mars	-0.3	(-2.22)	41.5	(67.5)
Apríl	1.8	(0.46)	27.1	(33.1)
Maí	4.5	(5.70)	65.7	(23.8)
Júní	7.5	(8.72)	73.6	(56.3)
Júní	7.0	(9.23)	39.8	(36.1)
Ágúst	8.5	(8.28)	44.6	(104.7)
September	7.5	(5.26)	14.9	(80.3)
Október	2.3	(2.09)	11.1	(58.2)
Nóvember	3.2	(-2.27)	10.8	(125.5)
Desember	-4.7	(-2.16)	134.5	(221.8)
	2.54	(2.64)	605.7	(923.4)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1992

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - september var 7.63 stig, en var 7.87 stig sömu mánuði 1992.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

12,5	-1,4	28,5	-1,3	18,6	-0,3
13,5	-7,7	29,5	-0,5	23,6	-0,1
14,5	-1,4	31,5	-0,8	25,6	-0,9
15,5	-6,0	1,6	-1,1	14,7	-1,1
16,5	-2,5	2,6	-5,1	10,8	-2,8
17,5	-2,0	3,6	-4,4	12,8	-2,0
18,5	-1,1	13,6	-1,2	16,8	-0,6
19,5	-0,2	14,6	-1,1	21,8	-0,4
25,5	-0,8				

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

Hámarkshiti fór aldrei yfir 20 stig á árinu 1993.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki komið með grænan lit 13. maí. Birki allaufgað 15. júní. Lerki farið að bruma 7. maí og komið með græna sliju 14. maí og orðið algrænt 3. júní. Birki fór að gulna 23. ágúst. Lauffall á birki byrjað 13. sept. og orðið laufflaust 30. sept. Fallið hefur niður að skrá gulnun á lerki þetta ár.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var lélegur og víðast undir meðallagi í umdæminu.

2.3. Fræfall

Fræ var lítið sem ekkert á trjágróðri 1993. Því sem var safnað, var lélegt eða ónýtt.

2.4. Skaðar

Kuldakast gerði um miðjan maí með frosti og snjó sem fór illa með gróður. Víða sá á trjágróðri, þá aðallega á lerki, mest í Eyjafirði, mjög misjafnt eftir kvæmum. Nokkuð bar á snjóbrotum, þá sérstaklega í smáum skógarreitum.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðustu ár. Ráðskona á Vöglum var Auður Gunnarsdóttir og Gunnhildur Arnþórsdóttir fyrstu þrjár vikurnar.

Verkstjórar voru eins og áður, Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Skagafirði. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf. Annað starfsfólk var að mestu það sama og síðustu ár, bændur og unglingar úr sveitunum næst stöðvunum tveimur.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 17.471.466, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 1.720.368. Dagpeningar kr. 69.200. Akstur kr. 347.208 og ASÍ laun kr. 15.334.690.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var álíka og síðustu ár. Girtur var upp hluti af Sigríðastaðagirðingu og grisjað frá henni. Girtir voru upp kaflar í Skuggabjargagirðingu.

Girðingar eru flestar orðnar gamlar og þurfa því mikið viðhald.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 529.820, samtals 1.041 vinnust. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 147.086, samtals 278 vinnust., þar af mest v/Þórðarstaðagirð. kr. 116.718, alls 211 vinnust.

Í Vagla og Hálsgirðingu fóru 89 tréstaumar, 6 feta, úr lerki og furu og 1.5 rúlla af gaddavír.

Í Skuggabjargagirðingu fór 101 tréstaumar, 6 feta, 5 rúllur net og 1 rúlla gaddavír.

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 10 staumar, 6 feta.

Í Sigríðarstaðagirðingu fóru 193 tréstaumar, 6 feta, 62 tréstaumar, 5 feta, 30 járnstaumar, 4 rúllur vírnet og 5 rúllur gaddavír.

Í Sandhaugagirðingu fóru 50 tréstaumar, 6 feta.

4.2. Nýgirðingar

Lokið var við að girða nýju girðinguna á Þórðarstöðum, nema í giljunum, sem verður gert næsta vor. Eru vonir bundnar við að smölunarkostnaður minnki í Þórðarstaðaskógi eftirleiðis.

Lagður var til einn maður til að vinna við uppsetningu á nýrri girðingu um Kinnarfell.

Í því verki var Friðgeir Jónsson fyrir okkur og vann því minna í Fellsskógi þetta árið.

Laun og launatengd gjöld v/nýgirðingar Þórðarstaðaskógi var kr. 351.908, alls 727 vinnust.. Annar kostnaður var kr. 564.153.

Laun og launatengd gjöld v/nýgirðing Fellsskógi (Kinnarfell) var kr. 164.880, alls 246 vinnust.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór mest fram í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og Grund í Eyjafirði. Í Vaglaskógi var fellt rjóður í birkiskóg við endann á nýrri brú, sem byggð var haustið 1993, móts við Stórahvamm. Fellt var birki ofan af gömlum grenigróðursetningum og hreinsuð brot víða um skóginn. Grisjað var lerki og stafafura og féll þá til svolítið af staurum en afgangur var notaður í kurl, sem notað var í beð og göngustíga.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað fyrir gróðursetningu sunnan við Búðagil norðan aðalvegur og fellt birki ofan af blágreni og rauðgreni, ofan við kofarjóður.

Í Grundarreit var grisjað, og það sem þar féll til, fór að mestu í kurl, sem notað var í göngustíga.

Felldur viður:

Birki	ca.	110.0 tonn
Lerki	ca.	10.0 tonn
Stafafura	ca.	1.0 tonn
Annað	ca.	0.5 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir staurar voru seldir á árinu 1993.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður	2.259	pk.
Smíðaviður	115.8	m.
Reykingarviður	1.000	kg.
Birkikurl/Flís	2.700	kg.
Plattar	3.391	stk.

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	805	pk.
Arinviður litlir	350	pk.
Arinviður óunnið	8.000	kg.
Smíðaviður	558	m.
Birkikurl/Flís	2.050	kg.
Plattar	1.290	stk.
Staurar 5 fet	348	stk.
Staurar 6 fet	648	stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 3.250, og laun og launatengd gjöld kr. 1.719.306.

5.2. Jólátré

Byrjað var að fella jólatré um 10. nóvember. Tíðarfar var sæmilegt og gekk jólatrjáataka sæmilega. Alls voru felld 1337 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	
Samtals					
Fellsskógur	599		103	170	872
Vaglaskógur	57	28			85
Þórðarstaðask.	69		65		134
Sigríðastaðask	14	25	1		40
Kristnes			17		17
Ásbyrgi	79				79
Reykjarhóll	20	82	8		110
Alls	838	135	194	170	1.337
Aðkeypt úr Skorradal	200				200
					1.537

Flutt voru 200 rauðgreni úr Skorradal og þeim dreift að mestu á Norðurland vestra. Afgreidd voru 50 blágreni austur á Hallormsstað. Ekkert var aðkeypt af erlendum jólatrjám, en lítilsháttar var keypt af greni. Af felldum og aðfluttum jólatrjám seldust 1425 tré. Töluvert fór í frákast vegna þess að tekin voru tré, sem reyndust ekki söluvara.

Seld tré:

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
070-100	92	12	25	24	153
101-125	233	28	59	40	360
126-150	305	24	64	46	439
151-175	225	28	30	25	308
176-200	82	7		4	93
201-250	43		1	2	46
251-300	7		1	4	12
301-400	8			1	9
401-500	2				2
501-600	3				3
Alls	1.000	99	180	146	1.425

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 626.152, alls 1.174 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 48.834. alls kr. 674.986.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	1.655.550		1.655.550
Innfl. og ísl. greinar	44.154	29.317	14.837
Alls	1.699.704	29.317	1.670.387

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var lerki í nýja gróðurhúsið 5. maí. Sáð var birki og elri í óupphituð dúkhús 26. júní og stafafuru, bergfuru, blágreni, sitkagreni og fjallapín 1. júlí í hluta af húsi no. II, því sem frærækt var hafin í á þessu ári.

Sáð var bergfuru, blágreni, hvítgreni, rauðgreni, rússalerki og sitkagreni í FP40 (alls 4074 bakka) og birki, kjarröl, rússalerki, sitkaöl og stafafuru í FP60 (alls 1713 bakka). Fjallapínur og nokkuð margar tegundir í litlu mæli í FP35 (alls 440 bakka). Misjafn árangur kom út úr þessum tilraunasáningum.

6.2. Dreifsetning

Dreifsetning var mjög lítil þetta ár, aðeins í gróðrarstöðinni í Laugabrekku, sumt af því endurdreifsett. Dreifsettar voru 6713 plöntur og ekkert vafið í móband. Stungið var 33.944 græðlingum í beð og 29.837 í FP35 bakka.

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.079.499 og afhentir styrkir fyrir kr. 705.955. Garðplöntur í eigin skóglendi kr. 112.061. Stungið var 7.190 sumargræðlingum og pottaðar 7.847 plöntur. Seldar og afhentar voru 46.365 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 58.826 plöntur 1994.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 288.982 plöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	1.753.565
Millifærslur og styrkir	4.484.165
Afh. í eigin skóglendi	860.689
Alls	7.098.419

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var með svipuðum hætti og síðustu ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Nýframkvæmdir í gróðrarstöð var það helst, að lokið var við nýja gróðurhúsið og sáð var í það snemma vors. Þá var hafin frærækt með lerki í gróðurhúsi no. II og hefur Þröstur Eysteinnsson umsjón með því verkefni og læt ég honum eftir að skýra frá því.

6.8. Kostnaður.

Laugabrekka

	Kr.	Vinnust
Plöntuuppeldi almennt	448.365	837
Skógplöntur	68.879	144
Fjölpottar	145.140	288
Garðplöntur	600.729	1.167
Alls	1.263.113	2.436
Vaglir		
Plöntuuppeldi almennt	19.809	41
Verkstjórn	1.074.831	1.724
Frídagavaktir	123.813	131
Ræktunarbúnaður	15.852	29
Umhirða	15.010	37
Jarðarbætur	6.126	13
Vegir	4.007	7
Dreifsetning berrót	13.090	28
Uppt. meðf. afgr. skógpl.	120.685	235
Vetrarumbúnaður skógpl.	16.647	32
Fjölpottar almennt	21.773	43
Hreinsun fjölp.	85.975	162
Moldarfylling fjölp.	207.853	440
Sáning fjölp.	100.610	196
Grisjun fjölp.	447.332	924
Umhirða fjölp.	189.880	416
Afh. fjölp.	489.486	1.034
Vetrarumbúnaður fjölp.	95.303	184
Garðplöntur almennt	4.012	7
Stiklingar útiræktun	97.155	219
Stiklingar inniræktun	121.079	240
Garðplöntur beðpl.	127.202	248
Garðplöntur pottapl.	772.678	1.543
Hnausplöntur	8.364	13
Sala garðplantna	214.773	345
Vetrarumb. garðpl.	49.724	83
Alls	4.443.069	8.374
Samtals Laugabrekka og Vaglir	5.706.182	10.810

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar v/leiga	Alaskavíðir		brúnn		100	Presti afh. Þessar plöntur.
	Birki pt.				14	
	Ilmreynir pt.				10	
	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	1.801	
					1.925	
Skuggabjörg	Hvítgreni	2/3	Anchor	862174	1.900	Í brekku ofan plógstrengja. Sunnan Búðagils.
Þórðarst.sk.	Rauðgreni	2/4	Rana	832127	6.020	
Kristnes	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	1.600	
Vagfir Þelam.	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	9.800	Syðst og neðst í auð svæði.
	Stafafura	2/1	B.lake	900003	3,800	
					13,600	
Vaglaskógur	Rauðgreni	2/4	Rana	832127	1.810	Undirvöllur. 307.
	Fjallapínur	2/3	Ethel l.	880028	560	
					2.370	
Reykjarhóll	Blágreni		beð		610	
	Stafafura	2/4	Tuthsi l.	870005	595	
	Lindifura	2/3	Irkutsk.	872191	640	
	Birki		beð		355	
	Alaskaösp		beð		295	
	Viðja		beð		473	
	Alaskavíðir		brúnn beð		630	
	Strandavíðir		beð		150	
					3.748	
Reykjarhóll v/heitt vatn	Alaskaösp	1/0			310	
	Seljuvíðir				190	
					500	
			Alls		31.663	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 324.445. Alls 718 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við grisjun og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum.

Grund	321 tímar	kr.	190.587
Vaglaskógur	162 tímar	kr.	81.652
Pórðarstaðaskógur	33 tímar	kr.	15.417
Fellsskógur	9 tímar	kr.	6.273
Reykjarhóll	326 tímar	kr.	165.076

9. BYGGINGAR

Lokið var við byggingu á nýja gróðurhúsinu, eins og áður er sagt frá. Komið var fyrir olúkyndingu og sjálfvirkum opnunarbúnaði í húsinu. Unnið var við viðhald á Furuvallahúsinu og það málað að utan. Skemma var máluð að utan. Gert var upp vaskahús og gangur í skógarvarðarbústað Vöglum II. Húsið á Vöglum I var málað að innan, vegna leigendaskipta. Gert var upp baðherbergi í húsinu í Laugabrekku Skagafirði og það málað að innan.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla og tækja var svipað og síðustu ár. Gert var við mótör í Lapplanderbifreið P-4472, því ekki fékkst endurnýjun á hann þetta ár. Dráttarvél brann snemma árs, þar sem hún stóð við viðarsög, og skemmdist hún það mikið að ekki íþótti svara kostnaði að gera hana upp. Því var keypt önnur notuð dráttarvél og er sú skemmda notuð í varahluti. Toyota Hilux lenti í árekstri og skemmdist nokkuð að framan. Vegna þessara atvika var kostnaður við vélar og bifreiðar nokkuð meiri en áætlað var.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi.

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi
Skagafjörður:					
Egilsá	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	8.140
	Hvítgreni	2/3	Anchora.	862174	455
					8.595
Kúskerpi	Rússalerki	1/0	Imatra	920007	3.000
Silfrastaðir	Rússalerki	1/0	Imatra	920007	13.840
	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	14.000
					27.840
S-Ping.					
Breiðamýri	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	2.000
Breiðanes	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	2.500
Hrafnstaðir	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	3.000
	Stafafura	3/0	Taralds.	900004	2.000
					5.000
Jódísarstaðir	Rússalerki	1/0	Imatra	920007	3.000
	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	2.000
	Stafafura	2/1	B.lake	900003	1.000
					6.000
Kárhóll	Rússalerki	1/0	Imatra	920007	3.000
	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	2.000
	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	5.000
					10.000
Laugaból	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	1.500
Laugafell	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	2.000
Lindarhlíð	Alaskaösp	1/0			1.000
	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	2.000
					3.000
Narfastaðir	Rússalerki	1/0	Östeg	920002	5.000
	Rússalerki	2/0	Pinega	900014	750
	Stafafura	2/1	B.lake	900003	1.250
					7.000
				Alls	78.435

Nytjaskógrækt á bújörðum var með svipuðu sniði og síðasta ár. Umsjón með framkvæmd í Eyjafirði var í höndum Skf. Eyjafjarðar og starfsmaður við verkefnið

var Helgi Þórsson. Gróðursettar voru 173.000 plöntur í Eyjafirði. Plöntur komu að mestu úr gróðrastöðinni í Kjarna, en lítilsháttar frá gróðrarstöðinni Grísará í Eyjafirði. Í S-Þing. var Friðgeir Jónsson umsjónarmaður með framkvæmdum. Áætlanadeild sá um starfsáætlanir og úttektir og vann við áætlunargerð eins og tími vannst til.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Ekki verða taldir upp allir fundir og ferðir sem farnar voru 1993. Þessi liður var með svipuðum hætti og síðustu ár. Fundað var með nytjaskóganefndum í Eyjafirði, S-Þing. og Skagafirði. Ferðir voru farnar um umdæmið til að heimsækja fólk, leiðbeina og líta eftir. Skógarvörður sótti starfsmannafundi Skógræktar ríkisins, aðalfund Skf. Íslands og aðalfundi Skf. Eyjafjarðar, Skf. S-Þingeyinga og Skf. N-Þingeyinga.

12.2. Ferðafólk

Ferðafólk var með færri móti, vegna þess hve tíðarfar var óhagstætt til ferðalaga. Tjaldstæðin í Vaglaskógi voru ekki opnuð fyrr en um miðjan júní. Ekki var opið um hvítasunnuhelgina, vegna þess hve snemma hún var, en um verslunarmannahelgina var Björgunarsveitin Þingey við gæslustörf og tókst það mjög vel. Unglingar voru í miklum meirihluta þessa helgi í skóginum, en nokkuð var um fjölskyldufólk á svæði, syðst í skóginum.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 5.480, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1.773, í júlí 1.917 og í ágúst 1.790.

Tekjur af útivistarsvæði var kr. 999.894. Laun og launatengd gjöld kr. 466.234, alls 621 vinnust. Annar kostnaður kr. 322.441.

12.4. Annað

Haldinn var opinn dagur á Vöglum í samvinnu við Olúfélagið Skeljung og mættu um 200 manns. Farið var í gönguferðir í trjásafnið og umhverfi gróðrarstöðvar. Plöntur voru á tilboðsverði í tilefni dagsins og grillaðar voru pylsur. Þótti þetta hafa tekist mjög vel.

Þingmönnum norðurlandskjördæmis eystra var boðið til dagsferðar 27. júlí um skóga í Eyjafirði og Fnjóskadal. Ekki mættu allir þingmenn, en ferðin þótti takast mjög vel, þótt veður væri ekki sem skildi. Jón Loftsson, skógræktarstjóri og Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri, voru með í för og var Sigurður Blöndal fararstjóri.

Haustið 1993 gerði Vegagerð ríkisins plan við enda nýrrar brúar, sem byggð var 1993 og er fyrirhugað sem áningarstaður með upplýsingaskiltum.

Nú er mjög brýnt að koma upp móttöku fyrir ferðamenn við þetta plan og mjög knýjandi að þarna rísi þjónustumiðstöð eins og þar sem þjónusta er best á ferðamannastöðum. Vona ég að unnið verði að því að útvega fjármagn til þessara framkvæmda.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki fyrir góða samvinnu 1993.

Í október 1994.